

Reglur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um framkvæmd ársfundar og rafræna atkvæðagreiðslu

Tilgangur reglnanna er að skýra nánar þætti sem varða framkvæmd ársfundar og rafræna atkvæðagreiðslu sem ekki er kveðið á um í samþykktum sjóðsins. Í samþykktunum, sem eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins, er m.a. kveðið á um boðun ársfundar, rétt til setu á ársfundi, hvað ræður atkvæðamagni, heimildir til að gefa umboð og framboðsfrest til stjórnar sjóðsins.

1. Óski sjóðfélagar eftir að bera upp mál eða tillögur á fundinum og styðjast við glærukynningar eða sambærilegt efni, skal slíkt stuðningsefni sent framkvæmdastjóra sjóðsins rafrænt með góðum fyrirvara og ekki síðar en fimm virkum dögum fyrir ársfund.
2. Á ársfundi er skilyrði þátttöku að sjóðfélagi sanni á sér deili með skilríkjum sem hefur að geyma nafn, kennitölu og mynd, svo sem ökuskírteini, vegabréfi eða greiðslukorti. Geti starfsmenn sem sinna framkvæmd ársfundar sjálfir staðfest deili á sjóðfélaga er heimilt að hverfa frá framangreindri kröfu.
3. Í samræmi við heimild í samþykktum Frjálsa hefur stjórn ákveðið að kjör á aðalmönnum og varamönnum í stjórn skuli fara fram með rafrænum hætti.
4. Frambjóðandi til aðalstjórnar getur einnig gefið kost á sér til varastjórnar. Nái hann kjöri sem aðalmaður fellur framboðið til varastjórnar niður.
5. Í samræmi við samþykktir Frjálsa skal framboð til stjórnar (aðalmenn og varamenn) tilkynnt sjóðnum með sannanlegum hætti a.m.k. 14 dögum fyrir ársfund. Framboð skulu berast rafrænt á netfangið arsfundur@frjalsi.is.
6. Rafræn kosning til stjórnar skal standa yfir í eina viku og ljúka 15 mínútum fyrir auglýstan upphafstíma ársfundar.
7. Frambjóðendum skal veitt tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum um framboð sitt með þeim hætti sem þeir kjósa. Kynningin skal sett fram í rafrænu PDF-skjali og/eða allt að þrjú mínútna löngu myndbandi og skilað til sjóðsins eigi síðar en sólarhringi fyrir auglýstan upphafstíma ársfundar til að fá birtingu á vefsíðu sjóðsins.
8. Frambjóðendur til stjórnar skulu fylla út eyðublað sem er að finna á vefsíðu sjóðsins, frjalsi.is/arsfundur. Ásamt eyðublaði ber frambjóðendum að skila inn afriti af sakavottorði og búsvottorði. Búsvottorðisvottorðs má afla hjá héraðsdómstóli í því umdæmi þar sem frambjóðandi á lögheimili. Framangreind fylgigögn skulu ekki vera eldri en fjögurra vikna þegar þau berast. Stjórn yfirfer framboðstilkynningar, m.a. með hliðsjón af hæfisskilyrðum 31. gr. laga nr. 129/1997 en það er á ábyrgð hvers framboðanda að hann uppfylli hæfisskilyrðin.
9. Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef sjóðfélagi kys einn framboðanda fara öll atkvæði sjóðfélaga til þess framboðanda. Kjósi sjóðfélagi fleiri framboðendur fá þeir einnig öll atkvæði sjóðfélagsins. Ekki er heimilt að kjósa fleiri framboðendur en sem nemur þeim fjölda stjórnarsæta sem kosið er um.
10. Í samræmi við heimild í samþykktum sjóðsins hefur stjórn sjóðsins ákveðið að atkvæðagreiðsla um breytingartillögur á samþykktum og tillögur um endurskoðanda og stjórnarlaun fari fram með rafrænum hætti á ársfundi sjóðsins. Þar sem ársfundinum er streymt geta sjóðfélagar sem ekki mæta á fundarstað tekið þátt í atkvæðagreiðslu á sama tíma og sjóðfélagar á fundarstað. Eingöngu sjóðfélagar sem mæta á fundarstað geta lagt fram og kynnt breytingartillögur við breytingartillögu á samþykktum og tillögur um stjórnarlaun. Breytingartillögur við breytingartillögur á samþykktum þurfa að berast skriflega á netfangið arsfundur@frjalsi.is.
11. Kjósi sjóðfélagi að veita öðrum einstaklingi umboð er mælst til þess að notast sé við form sem má finna á vefsíðu sjóðsins. Ef sjóðfélagi skilar inn skriflegu umboði er kjörskrá sjóðsins uppfærð ekki síðar en í upphafi næsta dags eftir að umboð berst sjóðnum. Skrifleg umboð þurfa að berast sjóðnum með sannanlegum hætti eigi síðar en 3 klst. fyrir auglýstan upphafstíma ársfundar til að umboðshafi geti nýtt atkvæðarétt sinn.
12. Umboð gilda bæði fyrir rafrænar kosningar til stjórnar og aðrar atkvæðagreiðslur á ársfundi. Sjóðfélagi sem hefur kosið í stjórnarkosningum getur ekki gefið umboð fyrir atkvæðagreiðslur á ársfundinum sjálfum.



13. Innskráning inn á rafrænan kosningavef er með rafrænum skilríkjum eða íslykli.
14. Fundarstjóri hefur heimild til að kanna á meðal sjóðfélaga hvort þeir geri athugasemdir við að atkvæðagreiðsla um einstök mál sé framkvæmd með handauppréttingu á fundinum. Komi ekki fram athugasemdir er slík tilhögun heimil.
15. Á fundinum mun fundarstjóri upplýsa um mætingu á fundinn. Nánar tiltekið mun fundarstjóri upplýsa um heildarfjölda sjóðfélaga sjóðsins og heildaratkvæðamagn þeirra, fjölda þeirra sem mætt er fyrir á fundinn og atkvæðamagn þeirra sem og hversu hátt hlutfall atkvæði þeirra eru af heildaratkvæðum allra sjóðfélaga. Sömu upplýsingar verða einnig gerðar opinberar í fundargerð ársfundarins.

Samþykkt af stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins þann 15. apríl 2024